

SAFNANÓTT FÖSTUDAGINN 6. FEBRÚAR 2015

GERÐARSAFN

Kl. 19:00 – 23:30 Pop-up eldhús Gerðarsafns

Gerðarsafn opnar pop- up eldhús í safninu á Safnanótt og bíður upp á léttar veitingar.

Kl. 19:00 – 22:00 Stúdíó Gerðar – skapandi vinnusmiðjur

Guðrún Benónýsdóttir, myndlistarmaður og listgreinakennari leiðir sjálfstæðar vinnusmiðjur fyrir ólíka aldurshópa í tengslum við fræðslu- og upplifunarsýninguna Stúdíó Gerðar Helgadóttir.

Kl. 19:00 – 00:00 Mysteríum - vörpunarstúdíó (vinnustofa fyrir 16+)

Björk Viggósdóttir myndlistarmaður og Ragnheiður Harpa Leifsdóttir sviðslistamaður leiða tilraunakennda vinnustofu fyrir ungt fólk (16+) þar sem unnið verður með ljós, speglanir, videovörpun og tónlist. Smiðjan hefst tímanlega kl. 19 en þátttakendur munu flytja afrakstur vinnunnar með lifandi viðburði fyrir áheyrendur kl. 22.

Takmarkaður fjöldi - skráning fer fram í netfang gerdarsafn@kopavogur.is

Viðburðurinn er unninn í samstarfi við Molann – ungmennahús.

Kl. 20 – 21:30 Leiðsögn í listaverkageymslu Gerðarsafns

Það er fátítt að gestum og gangandi sé hleypt í geymslur og bakland safnsins. Hér gefst einstakt tækifæri til að skyggjast á bak við tjöldin. Leiðsögn hefst á 30 mínútna fresti frá kl. 20:00, og komast tíu manns í hvern hóp. Skráning fer fram á staðnum.

BÓKASAFN KÓPAVOGS

19:00 Origami kennsla

Ertu klaufabárður eða föndurmeistari? Það er eitthvað fyrir alla í origami-smiðju Önnu Maríu Cornette. Efniviður verður á staðnum og greinargóðar leiðbeiningar fyrir alla sem vilja læra eitthvað nýtt.

Kl. 19:00-23:30 Ratleikur

Komdu á þeysireið um bókasafnið þar sem þekking, útsjónarsemi og snerpa koma í góðar þarfir. Eltu vísbendingarnar um allt hús og skilaðu svo miða í kassa á lokastöðinni. Dregið verður úr réttum lausnum ratleiksins klukkan 23:30 og vegleg bókaverðlaun í boði. Og mundu: Ef illa gengur við ráðningu þrautanna vill svo vel til að húsið er fullt af sérfræðingum í upplýsingaleit sem vilja ólmir aðstoða!

Kl. 19:30 - 21:00 Einar einstaki

Í barnadeildinni á þriðju hæð Bókasafnsins mun hinn skemmtilegi Einar einstaki, töframaður, skemmta börnum og fullorðnum með ýmis konar töfrabrögðum.

Kl. 20:00-22:00 Spákona

Sirry spá skyggjast inn í framtíðina fyrir gesti safnanætur í Heita pottinum á annarri hæð Bókasafns Kópavogs. Þar sem Sirry spá er mjög vinsæl þarf að skrá sig fyrir fram hjá henni, skráning hefst kl. 19:00 á Safnanótt.

21:30 Forvitnir fikttrar athugið!

Vélmennin Dash og Dot verða ásamt vinum sínum Ollie, Sphero, og Makey Makey á jarðhæðinni og taka vel á móti ykkur!

20:00-21:00

Ævar vísindamaður

Ævar vísindamaður er sköpunarverk Ævars Þórs Benediktssonar, leikara, og Ævar þarf vaska aðstoðarmenn úr hópi safngesta þegar hann framkvæmir spennandi tilraunir.

22:00

Í myrkri við man spjalla: Spjall um ástir Íslendinga að fornu

Gunnar Karlsson, prófessor emeritus í sagnfræði, gaf í fyrri út bók um ástir í Íslendingasögunum. Hann varpar ljósi á tilfinningalíf forfeðra okkar, en hingað til hefur umfjöllun um það frekar snúið að reiði og hefnd en ástinni, sem var þó ekki minni áhrifavaldur þá en nú.

23:00

Ísfólkið

Ísfólkið er krúttlegur og kraftmikill dúett sem virðir engin landamæri tónlistar og lætur sér fátt músíkalskt óviðkomandi. Hvort sem það eru norræn þjóðlög, Bítlalög eða perlur úr ranni Michael Jackson, þá má búast við því að Ísfólkið geri atlögu að þeim með sínu nefi. Dúettinn skipa þau Ágústa Sigrún Ágústsdóttir og Sváfnir Sigurðarson.

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFA KÓPAVOGS

Kl. 19:00 – 23:00

Stoppað upp á staðnum

Á Náttúrufræðistofu Kópavogs er að finna nokkurt safn uppstoppaðra dýra. En hvernig eru dýr stoppuð upp? Brynja Davíðsdóttir hamskeri og snillingur kynnir þetta afar vandasama handverk fyrir gestum Safnanætur.

Kl. 20:00 – 21:00

Hvað getur gerst í virkustu eldstöðvum Íslands?

Á undanförunum árum, höfum við margsinnis verið minnt á að við búum á eldfjallaeyju. Bergrún Arna Óladóttir gjóskulagafræðingur og nýdoktor við Jarðvísindastofnun, Háskóla Íslands, heldur fyrirlestur um fjögur virkustu eldstöðvakerfi landsins, Grímsvötn, Bárðarbungu, Kötlu og Heklu. Sérstök áhersla verður á Bárðarbungukerfið þar sem yfirstandandi eldgos í Nornahrauni á sér stað. Farið verður yfir hverskonar gos hafa átt sér stað á kerfunum og stiklað á stóru í gossögu þeirra.

SALURINN

Lifandi tónlist og opinn bar í forsal Salarins á Safnanótt

Kl. 20:00 - 22:00

Tónleikar með píanóleikaranum Árna Heiðari Karlssyni. Kaffihúsastemning í Salnum með lifandi tónlist í fallegu umhverfi.

HÉRAÐSSKJALASAFN KÓPAVOGS

Kl: 19:00 - 24:00

Saga Kópavogs

Árið 2015 er 60 ára afmælisár kaupstaðaréttinda Kópavogs. Af því tilefni verður á Safnanótt opnuð lítil sýning í Héraðsskjalasafninu um sögu bæjarins frá því að hann var innan Seltjarnarneshrepps fram til nútíma eins og hún birtist í skjölum. Einnig mun Sögufélag Kópavogs sýna gamlar myndir úr bænum.

TÓNLISTARSAFN ÍSLANDS

Kl. 20 til 22:00

Það er við hæfi að þeir Reynir Jónsson harmonikkuleikari og Guðmundur Steingrímsson trommuleikari spili gömlu dansana undir sýningunni Dans á eftir.

MOLINN - UNGMENNAHÚS

Kl. 20:00 – 23:59

SLAGBRANDUR

Ungmennni á vegum Molans ungmennahúss munu miðla menningu sinni og listum til gesta og gangandi á Safnanótinni í ár. Viðburðurinn ber heitið Slagbrandur og hefst klukkan 20 og stendur til miðnættis. Yfir kvöldið mun tónlist frá Luckyhymnist og fleiri góðum tónlistarmönnum seðja eyru og skilningarvit gesta á meðan hægt er að ganga á milli ungra hönnuða og líta á afurðir þeirra. Meðal þeirra sem sýna hönnun sína er Ýr Jóhannsdóttir sem hannar fót undir merkinu Ýrurará og hefur vakið mikla athygli að undanfögnu. Live myndlistarverk fæðist á breiðvegg Molans á meðan ung ljóðskáld lesa ljóð sín og leiða okkur inn í hugarheim ungskálda. Þessa menningu verður hægt að sog í sig yfir rjúkandi kaffibolla og heitu kakói í notarlegu umhverfi.

SUNDLAUGANÓTT VERÐUR HALDIN LAUGARDAGINN 7. FEBRÚAR 2015

Sundlaug Kópavogs – opið til miðnættis. Ókeypis inn.

20:30 Einar einstaki, töframaður

21:30 Björn Thoroddsen, gítarleikari

22:30 KK, tónlistarmaður